

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg.	%	kr./kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál (<i>Brassica oleracea</i> var. <i>Ita.</i>)	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	68
0706.9002	Rauðrófur	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ættinni <i>Agaricus</i>	05.10.-30.06.10	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr., og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. júní 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. október 2009.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.